



## Kennsluáætlun

Íslenska skólaárið 2019 - 2020

### 8. bekkur

**Kennari: Sigríður Ólöf Sigurðardóttir**

Traust kunnátta í móðurmáli er meginuppistaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Nauðsynlegt er að nemendur átti sig á uppbyggingu málsins og efli þannig færni sína í málnotkun og skilningi. Bókmenntirnar og tungumálið eru menningararfur okkar sem ber að rækta vel.

### Lykilhæfni

Nám í íslensku á ekki eingöngu að auka þekkingu nemenda á greininni sjálfri heldur einnig að efla þætti sem snúa að nemandanum sjálfum s.s. tjáningu, samvinnu, gagnrýna hugsun, sköpunargáfu og ábyrgð á eigin námi. Með beitingu fjölbreyttra kennslu-, mats- og námsaðferða er stefnt að því að hlúa að þessum mikilvægu námsþáttum.

### Grunnþættir

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex: **Læsi – sjálfbærni - lýðræði og mannréttindi – jafnrétti - heilbrigði og velferð - sköpun**. Í íslensku er unnið með alla þessa þætti.

### Námsefni

- Gunnlaugs saga Ormstungu
- Kjörbók
- Orðhákur
- Kveikjur (textabók og verkefnabók)
- Málið í mark - sagnorð

### Námsmat

Símat stundað allan veturinn ásamt lestrarprófunum frá Námsmatsstofnun í hverjum mánuði.